

Alþingi
Erindi nr. P 123/125/
komudagur 3.3.99

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfisnefndar
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 1999

Vegna frumvarps til laga um náttúruvernd.

Arkitektafélag Íslands sér ástæðu til að ljúka lofi á fyrirliggjandi frumvarp til laga um náttúruvernd. Þetta á sérstaklega við um ákvæði er varða almennan ferðarétt um eignarlönd annars vegar og ákvæði um náttúruverndaráætlanir hins vegar. Við athugun frumvarpsins koma engu að síður minni háttar ábendingar upp í hugann. Þær helstu eru eftirfarandi:

11. gr., náttúruverndarnefndir.

Ástæða gæti verið til að hvetja náttúruverndarnefndir sveitafélaga til að vinna náttúruverndaráætlanir sem hluta af aðalskipulagi sveitafélags með hliðsjón af náttúruverndaráætlun umhverfisráðherra.

23. gr., girðingar.

Gott væri að taka af tvímæli um hvort heimilt sé að girða í vatn eða sjó fram ef séð er fyrir hliði eða prílu innan þess 10 m kafla sem umferðarrétturinn tekur til. Algengt er að menn telji sig knúða til að girða í vötn fram vegna búfjár.

34. gr., meiriháttar framkvæmdir.

Rétt væri að vekja athygli á að framkvæmdir skv. þessari grein eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórna.


43. gr., auglýsingar utan þéttbýils.

Þörf er á að skilgreina betur mörk umráðasvæðis Vegagerðar annarsvegar og Náttúruverndar hinsvegar.

49. gr., frágangur efnistökusvæða; snertir einnig gr. 47 og gr. 48.

Tekið er undir mikilvægi 1. mgr. þessarar greinar, Meginmarkmið hlýtur að vera að breiða sem best yfir þau lýti sem efnistaka skilur eftir sig. Til viðbótar er vakin athygli á að oft gæti farið vel á því að skilja við ummerki eftir efnistöku með listrænum hætti. Það getur einkum átt við þar sem ekki er unnt að fela vegsummerki efnisnáms s. s. þar sem mikið magn efnis hefur verið fjarlægt eða þar sem sérkenni lands voru áður með þeim hætti að ekki verði líkt eftir. Í slíkum tilfellum væri forvitnilegt að sjá árangur af sarnkeppni meðal hönnuða og myndlistarmanna um listrænan frágang. Hugsanlegt er ennfremur við upphaf efnistöku að hanna það form sem eftir mætti standa að efnistöku lokinni.

F.h. Gelrháðs Þorsteinssonar form. laganefndar Arkitektafélags Íslands,


Ólöf Guðný Valdimarsdóttir framkv.stj. AÍ.